

Fundargerð 83. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: rafrænt á Teams og staðfundur hjá OR

Tími: 22.04.2024 14:30

Viðstaddir: Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Sigrún Tómasdóttir (ST), Baldur Dýrfjörð (BD),
Hrund Ólöf Andradóttir (HÓA), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS)

Fjarstaddur:

Dagskrá:

1. Upprifjun frá síðustu fundum - yfirferð og samþykkt fundargerða eftir því sem við á.

Fundargerðir frá 81. og 82. stjórnarfundum samþykktar.

2. Umræður um aðalfund 2024 - tímasetning og hvort við tvínum hann saman við fræðsluerindi.

Leggjum til að aðalfundur verði í maí lok og þannig getum við lagt til lagabreytingar því þær þarf að leggja til með 3 vikna fyrirvara.

Lagabreytingatillögur sem stjórn gæti lagt til:

1. Að fella út skammstöfunina VAFRÍ í 1. grein og láta Vatns- og fráveitufélagið duga
2. Að breyta apríllök í maílok í 5. grein sem fjallar um tímasetningu aðalfundar
3. Að breyta 5. grein þannig að reikningsár félags hætti að miða við almanaksár og miði við starfsár. Þar erum við að færa lögin þannig að þau séu í samræmi við venjuna hingað til.

HSP mun upplýsa félaga um það að við ætlum að leggja til lagabreytingar í aðalfundarboði. Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórninni eigi síðar en föstudaginn 26. apríl. Aðalfundaboð verður sent út ekki seinna en 29. apríl. Tímasetning sem við leggjum til er 30. maí.

Í kjölfarið á þessum minni lagabreytingum ættum við að fara í aðeins meiri naflaskoðun og rýna lögin betur til þess að athuga hvort við myndum vilja leggja til einhverjar frekari breytingar næst, t.d. er varða tilgang félagsins.

3. Umræður um kosti og galla aðildar VAFRÍS að the International Water Association (IWA) sem landfulltrúi Íslands.

Hlöðver kynsir málefnið til leiks en frekari umræðu frestað til síðari fundar.

4. Umræður um áherslur á vorfræðslufundi.

HÓA kom með þá hugmynd að við sameinum aðalfundinn við heimsókn til einhvers fyrirtækis á stór Reykjavíkursvæðinu. Breyta aðeins til og gera það meira aðlaðandi að mæta á aðalfund. Hugmynd er t.d. fyrirtækið Lýsi. Þau eru staðsett á Granda. Tillaga væri að hafa heimsókn til fyrirtækis eins og Lýsi og fá að heyra hvernig þau hreinsa sitt frárennsli og hvaða gæðakerfi þau séu með og fara síðan yfir á Bryggjuna Brugghús og halda aðalfundinn þar. HÓA hefur hitt matvælafræðing sem er að framleiða lyf úr úrgangi frá Lýsi. BD tekur að sér að tala við Arnar Halldórsson gæðastjóra hjá Lýsi. Eftir því

hvernig það fer mun HÓA reyna að hafa uppá matvælafræðingnum. HSP tekur að sér að heyra í Bryggjunni brugghúsi til þess að spyrja út í mögulegar veitingar og leigu á sal eftir því hvernig samtal BD fer. Varahugmynd gæti verið að heyra í Ölgerðinni, SGS spyr innanhússmann hjá Verkís hvernig hönnunarverkefni þar með tanka til að jafna sýrustig á frárennsli gangi.

5. Umræður um áherslur á haustfræðslufundi.

Frestað til næsta fundar. Hægt að hugsa sér að þessi viðburður yrði afmælisviðburður. HSP með hugmynd um að sá fundur yrði haldinn fyrir norðan.

6. Önnur mál.

Fundi var slitið klukkan 15:40. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, sigrunto@orkuveitan.is